



Stjórnarfundur haldinn 29. apríl 2004 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Engar athugasemdir.

2. Innkomin bréf.

Bréf frá Ómari B. Stefánssyni framkvæmdastjóra landsmóts/ skýrsla og staða mála. Einar H. fór yfir helstu keppnisgreinar á vegum Keflavíkur á landsmótinu.

Bréf frá leiðtogaskóla UMFÍ / ath. með að senda fulltrúa.

Tölvupóstur frá Þóri Eiríkssyni vegna aðstöðu til keiluiðkunar. Þökkum Þóri erindið og bendum honum á að snú sér til MÍT sem möguleika á úrlausn sinna mála.

3. Send bréf.

Sendur var fáni til stuðningsmanns félagsins í Borgarnesi.

4. Framtíðarsýn félagsins.

Einar H. sagði frá fundi sem fulltrúar aðalstjórnar og stjórnarmenn knattspyrnudeildar áttu á mánudaginn 26 apríl. Lagt var áhersla á það að Sunnubrautar svæðið mætti ekki verða skilið eftir í sárum þó að menn fallist á að sameiginlegur leikvangur verði byggður á Nikkelsvæðinu. Farið yfir framtíðarsýn og áform félagsins og úrbætur á Sunnubrautarsvæðinu. Mjög mikilvægt er að félagið tali einni röddu við bæjaryfirvöld í svona málum. Ákveðið að fulltrúar aðalstjórnar fari á fund bæjarstjóra og kynni honum niðurstöður á málinu.

5. Önnur mál.

Einar og Þórður sátu þing ÍSÍ sem fulltrúar ÍRB ásamt fimm öðrum fulltrúum ÍRB. Einar fór stuttlega yfir það helsta sem kom fram á þinginu en þar var samþykkt tillaga um skiptingu á lottói sem þarf að nást samstaða við UMFÍ um. Ákveðið að framkvæmdastóri nálgist bækling sem heitir skattaskylda íþróttafélaga sem síðan yrði dreift til stjórnarmanna innan félagsins. Einar sagði frá því að fyrsti fundur í sameiginlegri nefnd um 17. júní hátíðarhöldin hefði verið á miðvikudaginn 28. apríl. Hugmyndir eru að fæðast og eru nefndarmenn að skoða hvað væri æskilegt að bjóða uppá. Einar sagði frá fundi sem hann átti með fulltrúum Skákfélags Keflavíkur. Skákfélagið er tilbúið í samstarf við félagið og verður með í frístundarhelginni og verða þeir í félagsheimili okkar og kynna skákina.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 19:20.